

Kristján Orri Sigurleifsson (f.1976) hóf nám á kontrabassa 19 ára gamall í Hafnarfirði og síðar í Reykjavík og stundar nú nám við Konunglegu Tónlistarakademiuna í Kaupmannahöfn og mun útskrifast þaðan vorið 2006.

Hann er virkur í flutningi nýrrar tónlistar og hafa nokkur tónskáld nú þegar samið fyrir hann tónverk. Þá má nefna tónleikaferð sveitarinnar 4+ til Seattle í apríl síðastliðnum þar sem flutt var kammerverk sem Joshua Parmenter samdi fyrir sveitina og þar lék hann einnig tónverk fyrir kontra-
bassa og og rafhljóð, t.d. *Secret Psalms* sem flutt verður hér í kvöld

Kristján er meðlimur kammersveitarinnar *Ísafold* sem sérhæfir sig í nýrri tónlist og tónlist 20. aldar. Sveitin, sem var tilnefnd til Íslensku Tónlistarverðlaunanna 2004, mun ferðast um landið nú í ágúst og halda tónleika. Kristján hefur einnig leikið sem lausamaður með öðrum hljómsveitum, svo sem Dönsku Útvarpshljómsveitinni, Konunglegu Dönsku Óperuhljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í september mun Kristján flytja íslensk sólóverk fyrir bassa á U.N.M í Finnlandi.

Eva Zöllner (f. í Þýskalandi 1978) lauk námi í harmonikuleik frá Hochschule für Musik, Köln og er nú í Konunglegu Tónlistarakademíunni í Kaupmannahöfn í námi hjá hinum virta harmonikuleikara Geir Draugsvoll. Hún hefur komið fram víða í Evrópu, bæði sem einleikari og með tónlistarhópum t.d. *Ensemble MusikFabrik*, *Athelas Sinfonietta Copenhagen* og *Ensemble Reflexion K*.

Á næstu mánuðum liggur leið Evu til Japan og Mexíkó til að spila og halda tónlistarnámskeið fyrir börn. Til að auðga skilning og færni í flutningi á nýrri tónlist hefur Eva tekið þátt í ýmsum námskeiðum svo sem *Darmstädter Ferienkurse für Neue Musik* og *Centre Acanthes*. Á árinu 2004 var Eva boðið að leika með *Ensemble Modern* á *Nachwuchsforum*. Samvinna með tónskáldum er Evu mikilvæg og hefur hún unnið með tónskáldum eins og T. Hosokawa, K. Huber og M. Kagel. Eins og er starfar Eva að ýmsum sjálfstæðum verkum m.a. margmiðlunarverkefnum og *Instrumental Theatre*.

Kristján Orri og Eva búa nú bæði í Kaupmannahöfn og í fyrra hófu þau að leika saman sem dúóið *The Slide Show Secret* sem sérhæfir sig í nýrri tónlist.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Netútgáfa

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

The Slide Show Secret

Kristján Orri Sigurleifsson
kontrabassi

Eva Zöllner
harmonika



Þriðjudaginn 19. júlí 2005 kl. 20:30

Þrettán harmóníur eru útdrættir úr verki eftir **John Cage** (1912 – 1992) sem heitir *Apartment House 1776* frá 1985. Verkið, sem er byggt á bandarískum sálmum og lofsöngvum frá 18. öld, má leika á hvaða hljóðfæri sem er og er flutningur okkar byggður á útgáfu fyrir fiðlu og hljómborð. Eins og mörg verk eftir Cage er þetta byggt á mjög takmörkuðum efnivið. Upprunalegar laglínur sálmanna voru teknar í sundur og settar saman á nýjan hátt svo að harmóníurnar breyttust eða hurfu. Þessi verk eru mjög fornfáleg og komast oft nálægt því að vera eins einföld og sjálf þögnin. (EZ)

Helmut Zapf (f. 1956) *Winter* (Vetur) er eitt af fjórum verkum Helmut innblásið af árstíðunum, samið fyrir harmoniku og önnur hljóðfæri. Ekki einungis tilfinningar fyrir árstíðunum réðu ferðinni er hann samdi þessi verk, heldur einnig veðurfræðilegar upplýsingar hverrar árstíðar. Hann tengir þar tónlistinni, svo sem lengd nótna, tónhæð eða styrk. Í þessu verki má því greina ýmis einkenni þessarar köldu árstíðar. (EZ)

Úlfar Ingi Haraldsson (f. 1966) lauk doktorsprófi í tónsmíðum og tónfræðum árið 2000 frá University of California, San Diego. Verkið *Secret Psalms* fléttar saman tónlist fyrir sóló kontrabassa og rafhljóð. Rafhljóðin skapa fyrst og fremst ákveðið umhverfi fyrir einleikarann án þess að krefjast hárnákvæmrar samstillingar flytjanda og rafhljóða. Titillinn vísar til notkunar á nokkrum stefnum er minna sumpart á sálma úr ólíkum andlegum iðkunum. Einnig er þar skírskotun til hugmyndarinnar um „bæn í hljóði“... sem virðist svo aðkallandi á viðsjárverðum tímum.

Matthias Pintscher (f. 1971) er talinn eitt af efnilegustu tónskáldum samtímans í Þýskaland. Verk hans *Figura III* fyrir einleiksharmoniku er hluti af stærra verki fyrir strengjakvartett og harmoniku. Figura- tónsmíðarnar eru innblásnar af höggmyndum Alberto Giacomettis. Brotakennd og næstum óáþreifanleg smáatriði í höggmyndum Giacomettis, formgerð yfirborðsins, sveigjanleikinn, allir þessir eiginleikar endurspeglast í tónlistinni sem byggist á mjög takmörkuðum hljóðheimi. Pintscher notar aðallega ýktustu hljóð harmonikunnar, afhjúpar nýja liti í nánast óheyrilegum smáatriðum. Verkið á að vera akústísk lýsing á fullkomnu samfélagi. (EZ)

Ingi Garðar Erlendsson (f. 1980) básúnuleikari og tónskáld lauk BA gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslandsr vorið 2004 undir handleiðslu Dr. Úlfars Inga Haraldssonar. *Molar* fyrir harmoniku og kontrabassa er tileinkað Evu Zöllner og Kristjáni Orra Sigurleifssyni. Verkið er sérstaklega skrifað fyrir tónleikaferð *The Slide Show Secret* dúettsins um Ísland 2005 og er unnið í samvinnu við hann.

Efnisskrá

Helmut Zapf	Winter	1999
John Cage	Harmony 18	
Úlfar Ingi Haraldsson	Secret Psalms	2003
John Cage	Harmony 26	
Matthias Pintscher	Figura III	2000
John Cage	Harmony 15	
Ingi Garðar Erlendsson	Molar	2005
John Cage	Harmony 42	

Kristján Orri Sigurleifsson was born in Iceland 1976. His teachers in Iceland were Birgir Bragason and Hávarður Tryggvason, the principal bass player in the Iceland Symphony Orchestra. Sigurleifsson has been living in Denmark since 2001 to study at the Royal Danish Academy of Music with Michal Stadnicki, the first principal in the National Danish Radio Orchestra, and expects to graduate from there in 2006. He is a member of the *Ísafold* Chamber Orchestra which is a young Icelandic group with a repertoire of 20th and 21st century music and has received extremely positive reviews. Sigurleifsson has played with a number of orchestras such as the *Iceland Symphony Orchestra*, the *Danish National Opera Orchestra*, the *Danish Radio Orchestra* and *Orkester Norden*.

Eva Zöllner, born in Germany in 1978, got her first education as an accordionist in her home country and is now studying with Geir Draugsvoll in Copenhagen. She has performed in different European countries, both as a soloist and with various ensembles, e.g. *Ensemble MusikFabrik*, *Athelas Sinfonietta Copenhagen*, and *Ensemble Reflexion K*. In order to deepen her knowledge in contemporary music - which is the main interest of her work - she has attended several courses and festivals e.g. *Darmstädter Ferienkurse für Musik* and *Centre Acanthes*. In 2004 she was invited by *Ensemble Modern* to perform at their *Nachwuchsforum*. Collaboration with different composers is an important aspect of her work. Presently she is working on several projects on her own, for example, in the range of instrumental theatre and multimedia arts.

The Slide Show Secret, contemporary music duo was established in 2004 by German accordionist Eva Zöllner and Icelandic double-bassist Kristján Orri Sigurleifsson and is now situated in Copenhagen. Both musicians have a special interest and experience in contemporary music and are attracted to the many un-explored sound possibilities of this unique combination of instruments.

The Slide Show Secret wants to enlighten different aspects of contemporary music, put them in new contexts and make a connection between sound, light, images and different arts. Their concerts are intended to create a special atmosphere for the audience, make the music of our time more attractive for a wider range of people and present various styles and musical ideas. The ensemble's cooperation with composers, cultural institutions, other musicians and artists leads to a creative exchange of ideas and becomes an inspiration for artistic work of high quality and intensity. *The Slide Show Secret* has performed in Denmark and Germany and is currently touring Iceland.